

Geðveiki hættir ekki á sumrin

Fólk hættir ekki að vera veikt á geði á sumrin, segir framkvæmdastjóri Geðhjálp, um lokanir á deildum Landspítalans vegna sumarleyfa. Fjórum deildum á geðsviði auk barnageðdeildar og BUGL verður lokað vegna sumarleyfa.

Geðhjálp hefur veitt mikla ráðgjöf það sem af er júlímánuði og meiri en undanfarin ár. Framkvæmdastjóri Geðhjálp segir að það megi þó ekki rekja beint til lokana á geðdeildum, enda sinni þær bráðaþjónustu allt sumarið.

„Það er ekki forsvaranlegt að það sé lokað á nauðsynlegum deildum eins og gert er núna í sumar á geðsviðinu en það er ekki að sakast við geðsviðið, það er að sakast við þá sem forgangsraða peningunum okkar. Það er verið að fjársvelta geðsviðin eins og mörg önnur svið innan Landspítalans og það bitnar á þeim sem eru veikir á geði,“ segir Kristín Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálp.

Þá segir Kristín að miðað við erfiðar aðstæður og fjárskort hafi geðdeildir leyst eins vel úr vandanum eins og hægt er. Einnig bendir hún á að afar erfitt sé að fá tíma hjá geðlækni vegna þess hve fáir þeir séu. Hún telur að það megi rekja til þess að færri snúi heim aftur eftir nám erlendis. Einnig sæki færri í nám í geðlækningum.